

Eftirlitið skal tryggja að greiningar sem framkvæmdar eru fyrir matvælaöryggiseftirlit séu áreiðanlegar og öruggar, ásamt því að rannsóknastofur starfi í samræmi við reglugerðir og viðurkennda staðla.

## Reglugerðir

- Reglugerð EB 2017/625 um opinbert eftirlit með matvælum.
- Reglugerð EB 853/2004 um hollustuhætti matvæla úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB 2073/2005 um örverufræðileg viðmið.
- Reglugerð EB 2015/1375 um tríkinu í kjöti.

## Undirbúningur eftirlits

- Unnið er eftir skráðu verklagi (VLY-147)
- Undirbúningur eftirlitsaðila: Yfirfara síðustu skýrslur, frávik og gæðakerfi rannsóknarstofu.
- Yfirlitsskjöl sem beðið er um fyrirfram:
  - Vottunarskírteini (ef við á, t.d. ISO 17025)
  - Gæðahandbók
  - Skrár yfir þjálfun starfsmanna
  - Listi yfir sýnagerð og aðferðir
  - Kalibreringar/viðhaldsmælingar og viðhaldsskýrslur

## Atriði sem metin eru við eftirlit

### Gæðakerfi

- Hvort rannsóknastofan hafi innleitt gæðakerfi
- Úttektir þriðja aðila ef til staðar. Frávik þeirra og úrbætur.
- Innra eftirlit og úrbótaferli.

### Starfsmannahæfni

- Menntun, þjálfun og reynsla starfsmanna.
- Viðhald þekkingar.
- Viðbrögð við fjarveru starfsmanna. Þjálfun afleysingarstarfsmanna.

### Hreinlæti og öryggi á rannsóknarstofu

- Húsnæði við hæfi.
- Þrif, sótthreinsun og umgengni í rannsóknarrýmum.
- Hlífðarbúnaður og umgengnisreglur til að koma í veg fyrir krossmengun.
- Förgun og meðhöndlun úrgangs.
- Viðbrögð við mengunarslysum.

### Meðhöndlun sýna

- Geymsluaðstæður, merkingar og rekjanleiki sýna.
- Ferlar til að tryggja að sýni mengist ekki, umgengni við sýni.
- Tímasetningar/skráning frá móttöku til niðurstöðu.

### Greiningaraðferðir/búnaður

- Notkun staðlaðra og viðurkenndra greiningaraðferða.
- Skráning og rekjanleiki hvarfefna/æti o.þ.h.
- Viðhaldsskráningar.
- Staðlar (jákvætt/neikvætt kontról).
- Sannprófun og viðbrögð við frávikum.

### Niðurstöður og skýrslugerð

- Skráning, geymsla og öryggi niðurstaðna.
- Túlkun, samþykkt og undirritun niðurstaðna.
- Rekjanleiki frá skýrslu til frumgagna.
- Viðbrögð við niðurstöðum

### Úrvinnsla eftirlitsmanns - Frávik og kröfur um úrbætur

- Öll frávik skráð í eftirlitsskýrslu eftirlitsmanns.
- Rannsóknarstofa fær tiltekinn frest til að skila úrbótaáætlun (15 virkir dagar). Í alvarlegum tilfellum skal beina sýnum á faggilda rannsóknarstofu þar til úrbætur hafa verið gerðar.
- MAST metur hvort úrbætur séu fullnægjandi og framkvæmir endurmat ef nauðsyn krefur.

### Skýrsla og eftirfylgni

- Skýrsla send inn með eftirlitsskýrslu.